

Úrskurður Aga- og úrskurðarnefndar KSÍ

Ár 2008, þriðjudaginn 19. ágúst, er fundur haldinn í Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands í Laugardal, Reykjavík, af nefndarmönnum Halldóri Frímanssoni, Helga R. Magnússyni og Sigurði I. Halldórssyni.

Fyrir er tekið málið nr. 11/2008:

Knattspyrnufélag Reykjavíkur
gegn
HK/Ýmir knattspyrnudeild

Gögn málsins merkt nr. 1-2 liggja frammi. Er nú í nefndinni kveðinn upp svofelldur

ÚRSKURÐUR:

I.

Kærandi:

Knattspyrnufélag Reykjavíkur
Frostaskjólí 2
Reykjavík.
Fyrirsvarsmaður: Guðjón Kristinsson

Kærði:

HK/Ýmir knattspyrnudeild
Íþróttahúsinu Digranesi v/Skálaheiði
Kópavogi.
Fyrirsvarsmaður: Laufey Guðmundsdóttir

Mál þetta var mótttekið af skrifstofu KSÍ 13. ágúst sl. Ákveðin var flýtimeðferð málsins og var kærða gefinn sólarhringsfrestur til að skila greinargerð. Ekki barst greinargerð frá kærða.

Kröfur:

Kærandi krefst þess að Knattspyrnufélag Reykjavíkur verði dæmdur 3-0 sigur í leik liðanna. í Íslandsmóti - U23 karla A deild, sem fram fór 7. ágúst kl. 18:00 á KR-velli.

II.

Málsatvik og ágreiningsefni:

Málavextir eru þeir að í leik liðanna í Íslandsmóti - U23 karla A deild, sem fram fór 7. ágúst kl. 18:00 á KR-velli, telfdi kærði fram leikmanninum Inga Þór Þorsteinssyni, sem skráður er leikmaður Knattspyrnudeildar Þróttar Neskaupstað, skv. gagnagrunni KSÍ. Leikmaðurinn er skráður nr. 15 á leikskýrslu. Kærandi vísar til þess að kærði hafi verið með ólöglega skipað lið og er þess krafist að kæranda verði dæmdur 3-0 sigur í leiknum, Úrslit leiksins voru 1-3 fyrir gestalið

III.

Niðurstaða:

Í máli þessu liggur fyrir að umræddur leikmaður er skáður í Þrótt N skv. gagnagrunni KSÍ. Lið kærða var því ólöglega skipað í hinum umrædda leik. Um ólöglega skipað lið er fjallað í gr. 40.1 reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót:

Lið, sem mætir ólöglega skipað til leiks og félag sem notar leikmann, hjálfara, eða forystumann í leikbanni, telst hafa tapað leiknum með markatölunni 0-3 nema tap hafi verið stærra, þá skal sú markatala ráða. Lið, sem mætir ólöglega skipað til leiks, skal sæta sekt að upphæð allt að kr. 30.000.

Svo sem að framan er rakið er óumdeilt að lið kærða var ólöglega skipað í hinum umrædda leik. Þá þykir rétt að beita kærða sekt sem þykir hæfilega ákveðin kr. 10.000,- Samkvæmt framanrituðu telst Knattspyrnufélagið Reykjavíkur hafa unnið leikinn 3-0 og er kærða gert að greiða sekt að fjárhæð kr. 10.000,- til KSÍ.

IV.

Úrskurðarorð:

Knattspyrnufélag Reykjavíkur telst hafa unnið leik gegn HK/Ými í Íslandsmóti - U23 karla A deild sem fram fór 7. ágúst kl. 18:00 á KR-velli með markatölunni 3-0. HK/Ými skal greiða sekt að fjárhæð kr. 10.000,- til KSÍ.

Halldór Frímansson

Helgi R. Magnússon

Sigurður I. Halldórsson

Áfrýjun:

Samkvæmt grein 14.3. í reglugerð KSÍ um aga-og úrskurðarmál er frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ 5 dagar frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.